# *Nr. 113 / 13 Þrasi SH 375*

## *Vélarvana og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 7760
*Smíðaður:* Reykjanesbæ 2013, plast
*Stærð:* 4,53 bt.
*Mesta lengd:* 7,98 m *Skráð lengd:* 7,92 m
*Breidd:* 2,33 m *Dýpt:* 1,48 m
*Vél:* Volvo Penta 171 kW, 2013
*Fjöldi skipverja:* 1

***Gögn:***
*Gögn RNS*




Þrasi ©Þorgeir Baldursson

*Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 4. júlí 2013 var Þrasi SH 375 á siglingu út frá Ólafsvík. Veður: NA 10 m/s.

Þegar báturinn var staddur rétt fyrir utan höfnina varð hann vélarvana og rak í átt til lands. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og kom Glaður SH 226 til aðstoðar og dró Þrasa til hafnar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að límkítti sem notað var til að þétta olíutankinn leystist upp í olíunni og stíflaði síur og olíuleiðslur;
- að báturinn hafði farið í nokkrar ferðir og höfðu olíuleiðslur stíflast. Talið var að vandamálið hefði verið leyst þegar haldið var í ferðina;
- að dreki var til taks um borð.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.